

Þriðjudaginn 14. júní 1949.

Nr. 143/1948. **Valdstjórnin** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Stefáni Thorarensen (Theodór B. Líndal).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Það er ljóst, að möndlur þær, er í málinu greinir, hefur kærði selt í lyfjabúð sinni sem almenna verzlunarvöru, enda auglýst hana þannig. Og þar sem álagning kærða á vöru þessa fór fram úr því, sem heimilað er í auglýsingu verðlagsstjóra frá 6. febr. 1946, þá ber að dæma kærða sekt samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1943. Með hliðsjón af 51. gr. laga nr. 19/1940 þykir sektin, er renna skal til ríkissjóðs, hæfilega ákveðin kr. 1200.00, og komi 5 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Stefáni Thorarensen, greiði 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Ragnars Ólafssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. júlí 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 6. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3335/1948: Valdstjórnin gegn Stefáni Thorarensen, — sem tekið var til dóms 16. f. m.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Stefáni Thorarensen lyfsala, Sóleyjargötu 11 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um verðlag, nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra nr. 2 6. febrúar 1946, um hámarksálagningu á þar tilgreindum vörutegundum.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, talinn fæddur 31. júlí 1891 á Akureyri, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1923 10/1 Dómur Hæstaréttar, 150 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga frá 1869.
- 1923 24/1 Dómur sama réttar, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 88/1917, um notkun bifreiða, og skaðabætur kr. 442.65.
- 1930 7/6 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
- 1930 17/11 Áminning fyrir brot gegn reglugerð um bifreiðastæði.
- 1930 5/12 Aðvörðun fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1934 17/5 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 17. gr. laga nr. 47/1932 og 12. gr. laga nr. 84/1933. Sýknaður í Hæstarétti 14. júní 1935.
- 1935 8/7 Kærður af Jóni Danielssyni fyrir ökuslys. Danske Lloyd greiddi skaðabætur.
- 1935 14/10 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur. Sýknaður vegna fyrningar sakar af kæru fyrir brot gegn lögum nr. 47/1932.
- 1936 31/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 200. gr. og 292. gr., 1. mgr., alm. hegningarlaga frá 1869. Sýknaður í Hæstarétti 27/10 1937.
- 1938 4/1 Sátt, 15 kr. sekt fyrir of harðan bifreiðarakstur.

Málavextir eru þessir:

Laust fyrir jólin árið 1946 tilkynnti kona, sem ekki er vitað um, hver verið hefur, símleiðis til skrifstofu verðlagsstjóra, að möndlur hefðu áður verið seldar í Laugavegs Apóteki hér í bæ á kr. 15.00 hvert kg, en nú væri farið að selja þær í pokum á kr. 2.50 pokann og væri hann 100 g á þyngd. Björn Jakobsson, eftirlitsmaður hjá verðlagsstjóra, var fenginn til að fara í apótekið til að athuga þetta. Kom hann að vörmu spori aftur með tvo poka af möndlum úr „cellophan“-pappír, sem hann kvaðst hafa keypt í apótekinu á kr. 2.50 pokann eða báða á kr. 5.00. Sýndi hann „contant“-nótu frá apótekinu, dags. 16/12 1946 og undirritaða af „Aðalbj. Björgv.“ (rskj. nr. 7), því til sönnunar. Fulltrúi verðlagsstjóra og annar starfsmaður hans vigtuðu síðan pokana á bréfavog í skrifstofu hans, og reyndust pokarnir vera 200 g að þyngd báðir saman. Starfsmennirnir muna ekki,

hvort þeir vigtuðu pokana báða í einu, en þeim fannst pokarnir vera jafnstórir og alveg eins. Gekk verðlagseftirlitið út frá því, að enginn vafi eða ágreiningur gæti verið um verð eða þunga möndlupokanna, og rannsakaði því málið ekki neitt frekar, heldur kærði það til sakadómara með bréfi, dags. 21. des. 1946. Telur verðlagseftirlitið, að smásöluálagning apóteksins á möndlunum hafi verið yfir 50%, sem sé hámarksálagning í smásölu á möndlum, er þær séu seldar sem venjuleg verzlunarvara, eins og hér hafi verið, og því innan valdsviðs verðlagseftirlitsins að ákveða verð þeirra, þó að jafnhliða sé hægt að nota þær sem lyf og þær séu upp taldar á lyfjaskrá.

Árið 1946 keypti Laugavegs Apótek möndlur af Efnagerð Reykjavíkur h/f sem hér segir:

„31. maí 12.7 kg á kr. 13.52 kg.

9. nóv. 4 ks. á 12.5 kg möndlur á kr. 118.13 pr. ks.

22. nóv. 4 ks. á 12.5 kg möndlur á kr. 118.13 pr. ks.“

Kærði, Stefán Thorarensen, eigandi Laugavegs Apóteks, hefur borið það, að þetta séu einu innkaup apóteksins á möndlum það ár. Möndlurnar, sem keyptar hafi verið í maí, hafi verið að mestu óseldar, er hinar möndlurnar hafi verið keyptar, en möndlur seljist mestmegnis fyrir jólin. Hann man ekki útsöluverðið á möndlunum, sem keyptar voru í maí, en kveður það hafa verið löglegt. Þegar möndlurnar hafi verið keyptar í nóvember, hafi starfsmaður hans grennslazt fyrir um verð á möndlum í nokkrum matvöruverzlunum og fengið þær upplýsingar, að í einni verzlun hafi möndlupokar 50 g að þyngd verið seldir á kr. 1.00 pokinn og í annarri verzlun möndlupokar 200 g að þyngd á kr. 5.00 pokinn. Möndlum apóteksins hafi nú verið blandað saman og síðan seldar bæði í lausri vigt á kr. 15.00 hvert kg og í „cellophan“-pokum 125 g á þyngd á kr. 2.00 pokinn. Möndlurnar hafi verið auglýstar í glugga í apótekinu, og hafi þær selzt upp fyrir jólin 1946. Hann kveðst ekki geta sagt um, hve mikið af þeim seldist í pokum og hve mikið í lausri vigt.

Kærði kveður, að iðnfyrirtæki reikni sér þóknun fyrir vinnu við að setja vörur í poka, og hafi því verð á möndlunum í pokum verið hærra en í lausri vigt. Hann fór þó ekki fram á við verðlagisyfirvöldin að fá aukaálagningu á þær möndlur, sem settar voru í poka, og hann leitaði ekki heldur til verðlagisyfirvaldanna við greinda verðákvörðun á möndlunum. Kveður hann, að engin skylda hafi verið til að gera svo. Möndlur séu í lyfsöluskrá I frá 22. janúar 1945 undir nafninu Semen amygdali dulcis, en samkvæmt skránni hafi útsöluverð á þeim mátt vera kr. 5.45 100 gr. Möndlur séu einnig teknar upp í Pharmacopea Danica, sem löggilt sé fyrir Ísland, og sé því apótekunum skylt að hafa þær til og selja hverjum, sem um þær biður. Mörg lyf, t. d. möndlur, megí að visu selja án lyfseðils og séu því frjáls verzlunarvara, en af því leiði þó engan veginn, að apótek séu bundin af ákvæðum verðlagisyfirvalda um hámarksálagningu á vörum þessum.

Fengin hefur verið umsögn landlæknis um mál þetta. Í bréfi hans, dags. 3. nóvember f. á., segir m. a. svo:

„Lyf og lyfjavörur er torvelt og reyndar ógerlegt að greina með allsherjar skýrgreiningu frá öðrum vörum, og er engin slík skýrgreining fyrir hendi í íslenskum lögum. Til lyfja er notaður fjöldi efna, sem jafnframt eru höfð til margvíslegra annarra nota, m. a. til krydds, sælgætis eða manneldis. Í þeim flokki er Semen Amygdali dulcis (sætar möndlur). Af öðrum þess háttar vörum, greindum í nügildandi lyfjaskrá, nefni ég af handahófi örfáar: Acetum (edik), Adeps lotus (svínafeiti), Amylum Solani (kartöflumjöl), Cortex Cinnamoni ceylanici (kanill), Fructus Cardamommi (kardamómur), Lichen islandicus (fjallagrös), Mel depuratum (hunang), Natrii chloridum (matarsalt), Rhizoma Zingiberis (engifer), Saccharum (hvítasykur), Syrupus Cerasi (kirsuberjasaft).

Til eru vörur, sem geta talizt lyfjavörur í höndum lyfsala eða sérstakra lyfjagerðarmanna, en hins vegar ekki í höndum almennings. Það er, þegar svo á stendur, að varan óbreytt hefur sjálfstætt gildi fyrir almenn-ing og ekki lyfjagildi, en aðeins á færi lyfsala eða sérstakra lyfjagerðar-manna að vinna úr henni lyf. Ég mundi einmitt vilja telja sætar möndlur slíka vöru, með því að sem slíkar eru þær krydd eða sælgæti, en alls ekki lyf.

Þó að tiltekin vara sé höfð til matar handa sjúklingum, verður hún ekki fyrir það talin lyf eða lyfjavara.

Vitnað er í ákvæði lyfjasöluskrárinnar: Þegar lyf eru seld í lausasölu (þ. e. án lyfseðils), má ekki selja þau hærra verði en ákveðið er í þessari lyfsöluskrá (lyfsöluskrá I (sic), sem gildir frá 1. janúar 1947, 11. tölu-liður ýmissa ákvæða, bls. 52; ákvæðið er fyrst að gefnu tilefni tekið upp í lyfsöluskrá I, sem gildi frá 1. maí 1934). — Hér ræðir einungis um *lyf*, sem seld eru án lyfseðils. Um verðlagningu á almennum verzlunarvörum, sem sérhverjum kaupmanni er frjálst að selja, eru engin sérstök ákvæði í lyfsöluskránni, og er það afskiptaleysi að sjálfsögðu miðað við óhindraða verzlun með slíkar vörur og frjálsa verðmyndun. Eftir að verðlagseftirlit hefur verið tekið upp, er viðhorfið bersýnilega gerbreytt. Hið háa lyf-söluverð á ýmsum almennum verzlunarvörum miðast meðal annars við það og réttlætist af því, að lyfsalar selji vöruna í svo agnarsmáum skömmtum, sentígrömmum og grömmum, er kaupmenn láta sömu vörur úti í kílógrömmum, ef ekki í tugum og hundruðum kílógramma. Með ýmsar þessar vörur verða lyfsalar að liggja án tillits til þess, hvort nokkuð selzt af þeim eða ekki neitt. En þessari tillitssemi hefur aldrei verið ætlað að leiða til þess, að lyfsalar gætu okrað á að selja þessar vörur til almennrar neyzlu. Ef sykurburrð er yfirvofandi á einhverjum stað, má ekki sú freisting vera fyrir hendi, að lyfsalanum á staðnum séu fengnar í hendur sykurbirgðirnar til að selja þær með lyfsöluverði.“

Fallast verður á það álit landlæknis, að sætar möndlur (Semen Amygdali dulcis) séu ekki sem slíkar lyf, þó að á færi lyfsala eða sérstakra lyfjagerðarmanna sé að vinna úr þeim lyf, heldur hafi þær óbreyttar

sjálfstætt gildi fyrir almenning sem krydd eða sælgæti. Sama máli gegnir um margar aðrar vörur en sætar möndlur, sem greindar eru í gildandi lyfjaskrá. Sætar möndlur eru því almenn verzlunarvara. Sérhverjum kaupmanni er frjálst að selja þær, og er auðsætt, að þeir verða að lúta hámarksálagningu verðlagsyfirvalda á vörunni. Óeðlilegt væri í alla staði, að lyfsalar, sem seldu sömu vöru óbreytta í lyfjabúð, þyrftu ekki að hlíta þeirri hámarksálagningu, heldur væru þeir aðeins bundnir af hámarksverði gildandi lyfsöluskrár, því að ef svo væri, hefðu kaupmenn mátt selja þær möndlur, sem mál þetta snýst um, að meðaltali kr. 14,87 hvert kg, en lyfsalar á kr. 54.50 hvert kg. Slíkt tvenns konar verðlag sömu vöru gæti ekki réttlætzt af því, að lyfsalar selji hana í margfalt minni skömmtum en kaupmenn og lyfsalar þurfi að liggja með vöruna án til-lits til þess, hvort nokkuð selst af henni eða ekki neitt. Á hinn bóginn virðist kærði í verki ekki hafa talið hinar sætu möndlur lyf, því að hann auglýsti þær í glugga apóteksins, en samkv. 17. gr. laga nr. 47 23. júní 1932 eru lyfjaauglýsingar bannaðar hér á landi, og nær það einnig til auglýsinga í gluggum apóteka. Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að kærða hafi verið skylt að hlíta ákvæðum verðlagsyfirvalda um hámarksálagningu við sölu hinna sætu mandla. Það gerði hann ekki, og varðar sú háttsemi hans við 1. gr. laga um verðlag, nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra nr. 2 6. febrúar 1946, um hámarksálagningu á þar til greindum vörutegundum.

Starfsfólk Laugavegs Apóteks hefur verið leitt sem vitni í málinu, og hefur það borið það, að í desember 1946 hafi möndlur verið seldar í apótekinu.

Matthías Hliðdal Ingibergsson lyfjafræðingur hefur borið það, að möndlurnar hafi verið seldar í pokum, en hann minnst þess ekki, að þær hafi verið seldar um það leyti í lausri sölu nema þá kannski í einhverjum undantekningartilfellum, er viðskiptavinur hefur sérstaklega beðið um það. Stúlka, Ingigerður Gísladóttir að nafni, muni hafa vigtað möndlurnar í poka, sem hafi átt að vera 125 g að þyngd, og notað til þess sérstakar skálavogar, sem apótekið notar við vigtun vara sem mandla og prófuð er venjulega árlega. Hann veit ekki, hve mikið af möndlum var sett í poka, en sett var í marga í einu. Hann kveðst hafa afgreitt nokkra möndlupoka til viðskiptavina, en verð hvers poka hafi verið kr. 2.00.

Ingigerður Kristín Gísladóttir hefur borið það, að hún hafi vigtað möndlurnar í „cellophan“-poka og vigtað marga poka í einu og sett 125 g af möndlum í hvern. Hún treystir sér ekki til að segja um, hve mikið af möndlum hún lét þannig í poka, en heldur, að hún hafi fyllt langflesta eða alla 125 g möndlupokana, sem seldir voru í apótekinu á þessum tíma. Hafi hún verið ein við verkið og notað vigt apóteksins. Hún kveðst hafa selt nokkra poka til viðskiptavina, og hafi verð hvers poka verið kr. 2.00.

Helgi Þorvarðarson hefur borið það, að möndlurnar hafi verið seldar í lausri vigt á kr. 15.00 hvert kg, en einnig seldar í pokum. Hann hafi horft á vigtina, er Ingigerður Gísladóttir hafi vigtað nokkra poka, og hafi þyngd

þeirra verið 125 g. Hann man ekki, hvort hann afgreiðdi poka til viðskiptavina, en verð pokanna átti að vera kr. 2.00. Hann treystir sér ekki til að segja um, hve mikið magn af möndlum hefur verið sett í poka og selt þannig.

Steinunn Thorlacius hefur borið það, að fyrst hafi möndlurnar verið seldar í lausri vigt á kr. 15.00 hvert kg, en þær hafi einnig verið seldar í pokum. Ingigerður Gísladóttir hafi vigtað möndlurnar í poka og vigtað marga poka í einu. Steinunn kveðst ekki vita, hve pokarnir voru þungir eða hve mikið var selt af möndlum í pokum og hve mikið í lausri vigt. Hún kveðst hafa selt poka í apótekinu, og minnir hana fastlega, að verð hvers poka hafi verið kr. 2.00.

Soffía Aðalbjörg Björgvinsdóttir, sem vann við afgreiðslu í Laugavegs Apóteki í desember 1946, hefur kannast við að hafa ritað áðurgreinda nótu, sem starfsmaður verðlagsstjóra fékk í hendur í apótekinu (rskj. nr. 7), en kveðst þó ekki muna eftir því atviki, er hún ritaði hana, eða í hvaða tilefni það var gert. Hún kveðst ekki geta sagt um, hvort það verð, sem þar er greint á möndlupoka, þ. e. kr. 2.50, hefur verið hið venjulega verð á þeim. Ef til vill kunni innihald þeirra poka að hafa verið annað, minna eða meira, en í venjulegum poka og verð þeirra miðað við það. Ingigerður Gísladóttir hafi vigtað möndlurnar í poka og vigtað marga poka í einu. Soffía Aðalbjörg kveðst ekki geta sagt neitt um þunga hvers möndlupoka eða hve mikið var selt af þeim eða hve mikið var sett af möndlum í poka, en það hafi áreiðanlega ekki verið mikið.

Ekkert hefur komið fram í málinu um, að aðrar möndlur hafi verið seldar árið 1946 í Laugavegs Apóteki en þær, sem keyptar voru í Efnagerð Reykjavíkur h/f og áður hefur verið frá greint. Skipta því hér aðeins þær möndlur máli. Innkaupsverð apóteksins á þeim möndlum, sem keyptar voru í maí, var kr. 171.70 (12.7 á 13/52), en á þeim möndlum, sem keyptar voru í nóvember, kr. 945.04 (8 ks. (= 100 kg) á 118/13) og heildarinnkaupsverð mandlanna því kr. 1116.74. Samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra nr. 2/1946 (1. mgr. kaflans með fyrirsögninni „Aðrar vörur“) mátti smásöluálagning á möndlum vera 50%. Smásöluverð á þeim möndlum, sem keyptar voru í maí, mátti því vera hæst kr. 257.56 (12.7 á 20/28), en á þeim, sem keyptar voru í nóvember, kr. 1418.00 (100 kg á 14/18) og heildarsmásöluverð þeirra því kr. 1675.56. Hefði öllum möndlunum verið blandað saman og þær seldar þannig, hefði meðalsmásöluverð þeirra mátt vera kr. 14.87 hvert kg (1675.56 : 112.7).

Kærði og starfsfólk hans í apótekinu hefur viðurkennt, að útsöluverð mandlanna hafi verið a. m. k. að mestum hluta til kr. 16.00 hvert kg. Ef þær hefðu allar verið seldar á því verði, hefði útsöluverð þeirra numið samtals kr. 1803.20 og óleyfilegur hagnaður kærða því kr. 127.64. Það þykir þó mega telja upplýst í málinu, að möndlurnar hafi að einhverju leyti verið seldar á mun hærra verði, jafnvel kr. 25.00 hvert kg, og hefði útsöluverð þeirra numið samtals kr. 2817.50, ef þær hefðu allar verið seldar á því verði, en óleyfilegur hagnaður kærða numið kr. 1141.94.

Draga bæri þó frá hinum óleyfilega hagnaði kostnað, sem kærði kynni að hafa haft af því að setja möndlurnar í poka. Þegar nú þess er gætt, að ekki er unnt að leiða í ljós nánar en að framan greinir, hve mikið af möndlum var selt í lausri vigt og hve mikið í pokum eða hvert verð möndlupokanna hefur verið og hver þyngd þeirra, er ekki fengin niðurstaða um, hvern hagnað kærði hefur haft af hinni ólöglegu álagningu, og verður því ekki kveðið á um upptöku ólöglegs hagnaðar í máli þessu.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið greint, þykir refsing sú, sem kærði hefur til unnið samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um verðlag, nr. 3/1943, hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 30 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds héraðsdómslögmanns, 350 krónur.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Kærði, Stefán Thorarensen, greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 30 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds héraðsdómslögmanns, 350 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1949.

Nr. 54/1949. **Haraldur Eiríksson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Lilju Guðjónsdóttur (Theodór B. Línal).

Húsaleiga. Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1949, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Einnig krefst áfrýj-